



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2026

STÆR2VF05

(Viðskipti og föll)

Kennari/kennarar:	Sigríður Anna Guðjónsdóttir (SAG) sigriduranna@fsu.is
-------------------	---

Áfangalýsing:

Unnið er með fjármálalæsi s.s. vexti, vaxtavexti, vísitölur, verðbólgu, laun og skatta. Í áfanganum er lagður grundvöllur að skilningi á rauntalnakerfinu og fallhugtakinu ásamt góðri færni í algebru auk undirstöðuatriða í talnafærni. Kynnt er hvernig nota má föll til að leysa hagnýt verkefni.

Undanfari: STÆR1AJ05

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- persónulegum fjármálum
- algengum reiknireglum og algebrubrotum
- fyrsta og annars stigs jöfnum og ójöfnum
- hnitareikningi m.a. jöfnu beinnar línu og fleygboga

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- fjármálatengd hugtök og reikniaðgerðir
- táknmál - stærðfræðilega framsetningu viðkomandi námsefnis og túlkun táknmáls á mæltu máli
- rauntölur, algengar veldareglur, beitingu veldareglna
- meðferð algebrubrota og lausn annars stigs jafna
- hnitakerfið og tengsl falla við gröf
- stærðfræðiforrit og vísindalegar reiknivélar

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- miðlað henni í mæltu og rituðu máli og geta skráð lausnir skipulega
- beitt skipulegum aðferðum og skapandi hugsun við lausnir
- klætt verkefni í stærðfræðilegan búning, leyst þau og túlkað lausnirnar
- hagnýtt stærðfræðilega þekkingu t.d. til að taka fjárhagslegar ákvarðanir

Námsefni:

- STÆ225 eftir Jón Þorvarðarson ásamt ljósritum og efni á Innu.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
1 - 4	8. - 30. janúar	Hnitareikningur – Jafna beinnar línu Ljósrit/efni á INNU Kennsla hefst fim. 8. janúar.	Lotupróf í lok 4.viku
5 - 9	2. febrúar - 6. mars	Ójöfnur og annars stigs jöfnur STÆ 225: Kaflar 2 og 4 Miðannarmat lokaskil 20.febrúar. Vorfrí 23. – 24. febrúar. Starfsþróunardagur í FÁ 27.febrúar. Áfangamessa 4. mars	Lotupróf 2 í lok 9.viku
10 - 15	9.mars.- 14,apríl.	Fleygbogar og margliður af hærra stigi. STÆ 225: Kaflar 5 og 6 Valdagur 11. mars Kátir dagar og Flóafár 18-20. mars.	Lotupróf 3 í byrjun 15.viku
15 - 18	17.apríl – 9.maí	Prósentu- og vaxtareikningur. Ljósrit/efni á INNU Dimissjón 8. Maí	Lotupróf 4 í lok 18.viku
19	11.-15.maí	Upprifjun fyrir lokapróf Síðasti kennsludagur mið. 13. maí. Námsmatsdagar 15. - 19.maí Sjúkrapróf 20. maí. Brautskráning fös. 29. maí.	

Sérreglur áfangans:

Athugasemdir og skýringar:

Meira en 10. mín. fjarvera úr kennslustund jafngildir F. Nemendur eru hvattir til að nýta sér viðtalstíma kennara.

Ef nemandi mætir í kennslustund án tilskilinna kennslugagna er kennara heimilt að skrá fjarvist á hann.

Reglur um svindl og notkun gervigreindar

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/reglur-um-svindl-i-verkefnum-og-profum>

Ef að grunur um ritstuld og/eða óleyfilega notkun á gervigreind vaknar gætu nemendur þurft að gera munnlega grein fyrir verkefni/prófi.

Sömu reglur gilda um notkun gervigreindar við skrif og gilda um heimildaskráningu almennt. Reglur um heimildaskráningu má finna á heimasíðu skólans.

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/heimildaskraning-leidbeiningar>

Námsmat:

Lotupróf, skilaverkefni og tímadæmi mynda annareinkunn. Annareinkunn getur ekki hækkað lokaeinkunn nemanda upp fyrir einkunnina 4 sé um fall að ræða hjá honum á lokaprófi.

Lokaeinkunn skiptist svona:

Vægi lokaprófs	70%
Vægi annareinkunnar	30%

Annareinkunn skiptist svona:

Vægi lotuprófa	70%
Vægi heimadæma	30%

Mögulegt er að sleppa við lokapróf og láta annareinkunn gilda sem lokaeinkunn áfangans ef nemandi uppfyllir eftirfarandi.

Skilyrði til að sleppa lokaprófi:

Ná meðaltalinu 6 úr öllum lotuprófum og 6 úr viðskiptaverkefni.

Skila öllum verkefnum á réttum tíma

Ná sérhverju lotuprófi (yfir 4,5)

Mikilvægt að hafa í huga:

Eigi nemandi kost á að sleppa lokaprófi, þá fær hann staðfestingu á því frá kennara sínum áður en kennslu annarinnar lýkur, með skilaboðum í Innu og/eða í tölvupósti í FSU netfangið sitt. Aðrir eiga að mæta í lokapróf. Skróp í lokaprófi gefur falleinkunn (F).

Nemandi sem skilar rafrænum verkefnum þarf að tryggja að verkefnin séu á læsilegu sniði (format).

Námsmats- og prófsýningardagur

Námsmats- og prófsýningar alltaf við lok hvernar annar. Hvað er það?

Námsmats- og prófsýning er mikilvægur hluti af náminu því þar færðu:

- tækifæri til að sjá hvernig þér gekk.
- útskýringu á námsmati hvort sem um lokapróf eða símat er að ræða.
- ráðleggingar sem geta nýst þér í áframhaldandi námi.
- tækifæri til að gera athugasemd við niðurstöðu námsmatsins ef þér þykir hún ósanngjörn.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

FSU, 4. janúar 2026

Sigríður Anna Guðjónsdóttir